

APA tilvísanir og heimildaskráning með íslenskum áherslum:

Heimildaskrá:

Hafið samskonar línubil og spássíur og í verkefninu sjálfu. **Neðri línur hverrar heimildar eru inndregnar um eitt bil** (notið mælistikuna efst til að draga inn). Munið að fara vel yfir heimildaskrár sem eru framkallaðar sjálfvirkt með heimildaskráningarforritum (t.d. Word, Zotero eða EndNote Web). Fylgið fyrirmælum kennara um jöfnun texta.

DOI kennitala

DOI (Digital Object Identifier) er kennitala efnis á vefnum sem breytist ekki. DOI fylgir oft fræðilegum tímaritsgreinum og þarf því að setja með öðrum upplýsingum um greinar sem hluta af heimildaskráningu. Þegar DOI fylgir þarf ekki frekari upplýsingar um hvar eða hvenær grein var sótt¹. Dæmi um grein með DOI:

Sanz-Velasco, S. og Sæmundsson, R. (2008). Entrepreneurial learning in academic spin-offs: a business model perspective.

International Journal of Entrepreneurship & Innovation Management, 8(1), 15-35. DOI:10.1504/IJEIM.2008.018609.

DOI ekki til staðar:

- Þegar DOI fylgir ekki þarftu að gera grein fyrir hvert á vefinn þú sóttir textann.
- Látið alltaf fylgja með upplýsingar um árgang, tölublað og blaðsíðutal tímaritsgreina, ef því er að skipta.
- Þú setur slóð á greinina sjálfa ef hún er í ókeypis aðgangi (sjá merkingar gagnasafna á hr.is/gagnasofn. Gagnasöfn í landsaðgangi eru í áskrift svo þá seturðu ekki slóð á greinina sjálfa. Munið að sannreyna alltaf slóðir).
- Þú setur slóð á heimasíðu tímaritsins ef greinin er í áskriftaraðgangi líkt og þú finnur í gegnum ru.is/timarit og margar greinar í gegnum ru.is/gagnasofn (sjá merkingar á hr.is/gagnasofn). Ástæða þess að ekki á að setja slóð á tímaritsgreinarnar sjálfar í keyptum aðgangi er að sú slóð gagnast ekki þeim sem ekki hafa aðgang og því aðeins nauðsynlegt að gefa upp slóð á heimasíðu tímaritsins ásamt upplýsingum um árg., tbl., og bls.
- Aldrei setja vefslóðir á leitarvélur, t.d. Google (Scholar/Books) eða á Gegni bókaskrá.

Dagsetningar:

Ekki dagsetning: Ef greininni fylgja upplýsingar um árg., tbl., og bls. merkir það að um lokaútgáfu sé að ræða; þessi útgáfa greinarinnar breytist ekki.

Dagsetning: Ef þessar upplýsingar vantar, (t.d. á vefsíðum) seturðu dagsetningu með slóðinni því þá getur efnið breyst.

Efni sem sótt er á vefinn og hefur enga dagsetningu þarf að merkja sérstaklega. Dæmi: Reiknistofa bankanna. (e. d.). Starfsmannamál: *Jafnréttisáætlun*. Sótt 16. desember 2009 af <http://www.rb.is/control/index?pid=203>

¹ Ef DOI kennitala fylgir felur það í sér að greinin er á vefnum. Því þarf ekki að gefa upp sérstaklega að um rafræna útgáfu sé að ræða (sbr. Gagnfræðakver handa háskólanemum, 2007, bls. 97).

| Efni | Heimildaskráning (prent) | Tilvísun í texta |
|--|---|--|
| Bók með 1 til 2 höfundum | <p>Cohen, L. G. og Spenciner, L. J. (1994). <i>Assessment of young children</i>. White Plains, New York: Longman.</p> <p>Guðni Th. Jóhannesson. (2009). <i>Hrunið: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar</i>. Reykjavík: JPV útgáfa.</p> <p>(Tilvísun í texta: ... (Guðni Th. Jóhannesson, 2009, bls. 20)</p> <p>Nemendur athugið að sumir kennarar fara fram á að blaðsíðatal sé alltaf tekið fram, jafnvel þótt um óbeina tilvísun sé að ræða. Verið viss um hvernig kennari leggur verkefnið fyrir þegar þið hefjist handa við skrifin.</p> | <p>Óbein: (Cohen og Spenciner, 1994) eða ... Cohen og Spenciner (1994)...</p> <p>Bein: (Cohen og Spenciner, 1994, bls. 26) eða ...Cohen og Spenciner (1994) ... (bls. 26).</p> |
| Bók með 3 til 7 höfundum (allir taldir upp) | <p>Pratkanis, A. R., Brekler, S. J. og Greenwald, A. G. (1989). <i>Attitude structure and function</i>. Hillsdale, New Jersey: Erlbaum.</p> | <p>Fyrsta: (Pratkanis, Breckler og Greenwald, 1989)</p> <p>Seinni: (Pratkanis o.fl., 1989)</p> |
| Ritstýrð bók | <p>Gibbs, J. T. og Huang, L. N. (ritstjórar). (1991). <i>Children of color: Psychological interventions with minority youth</i>. San Francisco, California: Jossey-Bass.</p> | <p>(Gibbs og Huang, 1991)</p> |
| Kafli í ritstýrðri bók | <p>Masaro, D. (1992). Broadening the domain of the fuzzy logical model of perception. Í H. L. Pick, Jr., P. van den Broek og D. C. Knill (ritstjórar), <i>Cognition: Conceptual and methodological issues</i> (bls. 51-84). Washington: American Psychological Association.</p> | <p>(Masaro, 1992)</p> |
| Tímaritsgrein með 2 höf. | <p>Klimoski, R. og Palmer, S. (1993). The ADA and the hiring process in organizations. <i>Consulting Psychology Journal: Practice and Research</i>, 45 (2), 10-36.</p> | <p>(Klimoski og Palmer, 1993)</p> |
| Tímaritsgrein með 3-7 höfundum | <p>Kendall, P.C., Stark, K.D. og Adam, T. (1990). Cognitive deficit or cognitive distortion of childhood depression. <i>Journal of Abnormal Psychology</i>, 18, 255-270.</p> | <p>Fyrsta: (Kendall, Stark og Adam, 1990)</p> <p>Seinni: (Kendall o.fl., 1990)</p> |
| Tímaritsgrein með 8 eða fleiri höfundum (fyrstu 6 taldir auk síðast nefndur) | <p>Gilbert, D. G., McClernon, J. F., Rabinovich, N. E., Sugai, C., Plath, L. C., Asgaard, G., . . . Botros, N. (2004). Effects of quitting smoking on EEG activation and attention last for more than 31 days and are more severe with stress, dependence, DRD2 A1 allele, and depressive traits. <i>Nicotine and Tobacco Research</i>, 6, 249-267.</p> | <p>(Gilbert o.fl., 2004)</p> |
| Blaðagrein án höfundar | <p>New drug appears to sharply cut risk of death from heart failure. (1993, 15. júlí). <i>The Washington Post</i>, bls. A12.</p> | <p>(„New Drug“, 1993)</p> |
| Glanstímarit/Vikublað | <p>Hjördís Smith. (1992, júlí). Matur. <i>Heimsmynd</i>, bls. 44-46.</p> | <p>(Hjördís Smith, 1992)</p> |

Tegundir efnis sem sótt er á vefinn:

- **Ritryndar** (Peer-reviewed/Scholarly) **tímaritsgreinar** sem sóttar eru í **rafrænni áskrift** HR (ru.is/timarit og ru.is/gagnasofn). Fræðilegt efni sem nota á í háskólanámi við heimildaöflun.
- Greinar í dagblöðum og glans- eða fréttatímaritum (ekki fræðilegar heimildir en dæmi væri visir.is (Fréttablaðið), Newsweek eða Mannlíf).
- Annað efni sem sótt er af vefsíðum (þú sem höfundur þarft að veða og meta áreiðanleika vefsíðunnar, sjá: hr.is/bokasafn > Heimildavinna > Mat á vefsíðum). Sjaldnast fræðilegt efni en getur stundum gagnast við rökstuðning í verkefnum. Mikilvægt er að nemendur átti sig á áreiðanleika vefsíðna. Skoðaðu hvort og þá hver er höfundur efnisins, sérðu hvort síðan er reglulega uppfærð og er textinn vandaður?
- Þumalputtareglan er að vefsíða með órökstuddum skoðunum eða alhæfingum, engri dagsetningu, höfundi eða uppfærslum sé ekki ákjósanleg heimild.

Heimildaskrá

- Skráðu heimildina eins og þú myndir skrá prentheimild en bættu við eins ítarlegum rafrænum upplýsingum og möguleiki er á.
- Vísaðu eins nákvæmlega og þú getur í rafrænt efni, vísaðu í skjöl sem geymd eru á vef frekar en heimasíðu ef þú getur.
- Þegar DOI fylgir seturðu hvorki vefslóð eða dagsetningu dagsins sem þú sóttir efnið. DOI er kennitala efnis sem breytist ekki. Með því að slá DOI tölurnar inn í sk. „link resolvers“ (dx.doi.org) og/eða í leitarvélar eins og Google má finna greinina aftur.
- Þegar DOI fylgir ekki þarftu að gera grein fyrir hvert á vefinn þú sóttir textann. Gefðu upp vefslóð á heimasíðu tímarits ef tímaritsgreinin er sótt af vef sem HR kaupir í áskrift (ru.is/timarit eða ru.is/gagnasofn). Ef tímaritið er í opnum aðgangi seturðu slóð á greinina sjálfa. Sum gagnasöfn eru opin. Skoðaðu ru.is/gagnasofn til að sjá hvort gagnasafnið er opið eða í áskriftaraðgangi. Fyrir rafrænar bækur gefið upp heimasíðu útgefanda (books.google.com er ekki útgefandi bókana heldur birtir aðeins myndir úr bókum – aldrei setja slóð á books.google.com).
- Ekki slíta slóð milli lína með því að setja bandstrik. Brjóttu slóðina við greinarmarki, (undantekning þar sem ekki skal brjóta slóð: **http://**)
- Ekki þarf að skrá dagsetningu hvenær efni var sótt nema efnið sé breytilegt (t.d. wiki eða annað vefefni með ódagsettu efni).
- ATH: Almennt þarf ekki að taka fram gagnasafn í heimildaskráningu. Aðgangur að tímaritsgreinum í gegnum gagnasöfn getur breyst síðar svo APA mælir með að vísa á heimasíðu tímarits. Hinsvegar er ekki bannað að vísa í heimasíðu gagnasafns (hér er verið að tala um áskriftargagnasöfn en ekki opnar vefslóðir).

Athugið að fylga fyrirmælum kennara um framsetningu tilvísana og heimildaskráar.

| Efni | Heimildaskráning (rafrænt efni) | Tilvísun í texta |
|---|---|---|
| Rafræn bók sótt í gagnasafn | Karch, A. M. (2009). <i>Lippincott's nursing drug guide</i> . [Books@OVID útgáfa]. Sótt á http://www.ovid.com/site/products/books_landing.jsp Nemendur athugið að sumir kennarar fara fram á að blaðsíðutal sé alltaf tekið fram, jafnvel bótt um óbeina tilvísun sé að ræða. Verið viss um hvernig kennari leggur verkefnið fyrir þegar pið hefst handa við skrifin. | Óbein: (Karch, 2009) eða ... Karch (2009) ... Bein: (Karch, 2009, bls. 10) eða Karch (2009) ... (bls. 10) |
| Rafrænn bókkarkafli sóttur í gagnasafn | Marion, D. W. (2009). Diaphragmatic pacing. Í D. S. Basow (ritstjóri), <i>UpToDate</i> . Sótt á http://www.uptodate.com | (Marion, 2009) |
| Tímaritsgrein, 1-2 höfundar, sótt í gagnasafn, með DOI | Wilens, T. E. og Biederman, J. (2006). Alcohol, drugs, and attention-deficit/hyperactivity disorder: A model for the study of addictions in youth. <i>Journal of Psychopharmacology</i> , 20, 580-588. doi:10.1177/0269881105058776 | (Wilens og Biederman, 2006) |
| Tímaritsgrein, 3-7 höfundar, sótt í gagnasafn, án DOI | Tang, P., Yuan, W. og Tseng, H. (2005). Clinical follow-up study on diabetes patients participating in a health management plan. <i>Journal of Nursing Research</i> , 13, 253-261. Sótt af http://search.ebscohost.com (Hér er vísað í heimasíðu gagnasafnsins en mætti líka vísa í heimasíðu tímaritsins enda greinin þar.) eða Sótt af http://search.ebscohost.com/login.aspx?direct=true&db=aph&AN=19489019&site=ehost-live (Hér er notaður „Permalink“ sem óbrjótanlegur tengill sem EbscoHost býður upp á.) | Fyrsta: (Tang, Yuan og Tseng, 2005) Seinni: (Tang o.fl., 2005) |
| Tímaritsgrein, 1-2 höfundar, sótt í gagnasafn, án DOI | Sillick, T. J. og Schutte, N. S. (2006). Emotional intelligence and self-esteem mediate between perceived early parental love and adult happiness. <i>E-Journal of Applied Psychology</i> , 2(2), 38-48. Sótt af http://ojs.lib.swin.edu.au/index.php/ejap (Hér er svo vísað er í tímaritssíðuna sjálfa) | (Sillick og Schutte, 2006) |
| Tímaritsgrein, með DOI. Rafræn frumútgáfa. (Ekkert blaðsíðutal) | Von Ledebur, S. C. (2007). Optimizing knowledge transfer by new employees in companies. <i>Knowledge Management Research & Practice</i> . Rafræn frumútgáfa. doi:10.1057/palgrave.kmrp.8500141 | (Von Ledebur, 2007) |
| Vefsíða án höfundar | Effect of the global credit crunch on market. (2009). Sótt 8. desember 2009 af http://www.economywatch.com/economy-articles/effect-global-credit-crunch.html | („Effect of the“, 2009) |
| Vefsíða með höfundi | Reiknistofa bankanna. (e. d.). Starfsmannamál: <i>Jafnréttisáætlun</i> . Sótt 16. desember 2009 af http://www.rb.is/control/index?pid=203 | (Reiknistofa bankanna, e. d.) |
| Dagblaðsgrein á vefnum | Brody, J. E. (2007, 11. desember). Mental reserves keep brain agile. <i>The New York Times</i> . Sótt af http://www.nytimes.com | (Brody, 2007) |
| Skýrslur opinberra stofnanna og fyrirtækja | U.S. Department of Health and Human Services, National Institutes of Health, National Heart, Lung, and Blood Institute. (2003). <i>Managing asthma: A guide for schools</i> (NIH Publication No. 02-2650). Sótt af http://www.nhlbi.nih.gov/health/prof/lung/asthma/asth_sch.pdf | Fyrsta: (U.S. Department of Health and Human Services [HHS], National Institutes of Health [NIH], National Heart, Lung, and Blood Institute [NHLBI], 2003) Seinni: (HHS, NIH, NHLBI, 2003) |